



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
b.t. Hinriks Greipssonar
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

Sauðárkróki, 12. nóvember 2015

Efni: Byggðakvóti fiskveiðisársins 2015-2016

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar staðfesti á fundi sínum 11. nóvember sl. tillögur atvinnu-, menningar- og kynningarnefndar sveitarfélagsins um breytingar á reglugerð nr. 605/2015 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa.

Tillögur nefndarinnar um breytingar á reglugerð nr. 605/2015 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa eru eftirfarandi og tekur atvinnu-, menningar- og kynningarnefnd fram að tillaga 1 á eingöngu við ef ráðuneytið fellst á að endurskoða ákvörðun sína um úthlutun byggðakvóta til Sauðárkróks.

1. Nýtt ákvæði 4. greinar reglugerðarinnar verður: „Hámarksúthlutun fiskiskipa yfir 50 brúttótonnum af því aflamarki sem fallið hefur innan viðkomandi byggðarlags verður 6 þorskígildistonn á skip.“
2. Atvinnu-, menningar- og kynningarnefnd leggur jafnframt til að upphaf 6. greinar reglugerðarinnar breytist og verði: „Fiskiskipum er skylt að landa til vinnslu í sveitarfélaginu að lágmarki 88% af því aflamarki sem þau fá úthlutað í gegnum byggðakvóta á tímabilinu...“ o.s.frv. Vinnsluskyldu verði aflétt að öðru leyti.
3. Þá leggur atvinnu-, menningar- og kynningarnefnd til að í 6. grein reglugerðarinnar komi ákvæði um að skylt sé að landa afla í því byggðarlagi / á þeim stað sem honum er úthlutað til innan sveitarfélagsins.
4. Ennfremur leggur atvinnu-, menningar- og kynningarnefnd til að sú skylda þeirra sem fá úthlutað byggðakvóta til að landa tvöföldu því magni sem þeir fá úthlutað til vinnslu, líkt og kveðið er á um í 6. grein reglugerðarinnar, verði felld niður.

Staðfest á fundi sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Skagafjarðar 11. nóvember 2015.


Fyrsta tillagan að breytingu er til þess gerð að stuðla að jafnræði á milli aðila og eflingu smábátaútgerðar í Skagafirði.

Tillaga tvö er tilkomin vegna þess að ekki er fiskvinnsla í öllum byggðarlögum Sveitarfélagsins Skagafjarðar þó þar sé úthlutað byggðakvóta og er því til þess ætluð að byggðakvótinn nýtist sem best til að efla atvinnu og verðmætasköpun í sveitarfélaginu. Þó er ekki farið fram á fulla vinnsluskyldu, m.a. þar sem ekki eru allar fisktegundir unnar innan sveitarfélagsins. Miðað er við hlutfall þorskígildiskílóa þeirra tegunda sem unnar eru í fiskvinnslu innan sveitarfélagsins.

Tillaga þrjú er sett fram til að mæta þeim tilmælum ráðuneytisins að þegar reglur um ráðstöfun byggðakvótans séu mótaðar verði horft til atvinnusköpunar. Með því að skylda löndun afla í því byggðarlagi eða á þeim stað þar sem honum er úthlutað innan sveitarfélagsins er verið að tryggja umsvif í því byggðarlagi / á þeim stað sem kvótanum er úthlutað innan sveitarfélagsins.

Hvað varðar afnám skilyrðis um tvöföldun löndunarskyldu þá hafa aðstæður á leigumarkaði aflaheimilda um langa hríð verið þannig að ekki verður nema að litlu leyti unnt að nýta byggðakvótann í ákveðnum byggðarlögum innan sveitarfélagsins nema fallið verði frá þessu skilyrði. Reynsla úthlutunar byggðakvóta á síðasta fiskveiðisári sýnir þetta glögglega.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,

Ásta Pálmadóttir,

Sveitarstjóri Sveitarfélagsins Skagafjarðar